

Alþingi
Erindi nr. P 138/1089
komudagur 23.2.2010

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2010

Efni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 343. mál.

Með bréfi dags. 3. febrúar 2010 barst Bankasýslu ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 343. mál.

Í ljósi þess hruns sem varð í fjármálakerfi landsins á árinu 2008 er rík ástæða til að yfirfara með heildstæðum hætti löggjöf á sviði fjármálafyrirtækja og gera breytingar þar sem ljóst er að löggjöf hefur verið ábótavant og skerpa á ákvæðum sem þykja ekki nægilega skýr. Skýr og öflugur lagarammi er þó ekki nægjanlegur einn og sér heldur verður að tryggja öflugt eftirlit, ákærvald og dómsvald á réttarsviðinu.

Bankasýsla ríkisins styður að meginstefnu þær breytingatillögur sem lagðar eru til með umræddu frumvarpi. Gera má ráð fyrir að enn frekari breytinga kunni að vera þörf á löggjöf eftir því sem þekking og skilningur á því sem misfórst í aðdraganda bankahruns eykst og lærdómur verður af því dreginn. Ítreka verður þó að breytingar á lagareglum breyta einar og sér litlu. Án beitingar valdheimilda og eftirfylgni ná breytingarnar ekki þeim árangri sem að er stefnt.

Vegna 5. gr. og 40. gr. frumvarpsins óskar Bankasýslan eftir að koma á framfæri því sjónarmiði að æskilegt væri að gefið yrði svigrúm til endurskipulagningar fjármálafyrirtækja sem kunna að vera starfandi og þar sem lágmarkshlutfé eða stofnfé er undir tilgreindum mörkum. Til dæmis mætti fela Fjármálaeftirlitinu að veita frest til endurskipulagningar á grundvelli áætlunar þar um sem lögð væri fram af eigendum og stjórnendum viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Varðandi 19. gr. a er bent á að æskilegt væri til viðbótar framlagðri breytingatillögu að bæta við orðalagi sem er að finna í 3. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB um að taka beri tillit til fyrirhugaðrar starfsemi þegar lagt er mat á hvort ætla megi að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust.


Bankasýslan styður sérstaklega þær reglur sem lagt er til að settar verði um kaupaukakerfi og starfslokasamninga og fram koma í 39. gr. frumvarpsins. Töluvert hefur verið fjallað um áhrif kaupaukakerfa á áhættusækni og áherslu á skammtímasjónarmið í rekstri fjármálafyrirtækja. Gera má ráð fyrir að enn eigi eftir að koma fram upplýsingar um hvernig þessum hlutum var háttað hér á landi sem draga megi lærdóm af og er mikilvægt að vel takist til við samningu reglna Fjármálaeftirlitsins um þetta efni.

Ætla má að til skoðunar séu fleiri breytingar á lögum á fjármálamarkaði. Meðal þess sem að mati Bankasýslu ríkisins mætti taka til athugunar er með hvaða hætti löggjafinn getur styrkt stöðu eftirlitsaðila þegar kemur að því að takmarka óhóflega hraðan vöxt útlána. Ýmsar leiðir eru færar í

þeim efnum, t.d. að heimila eftirlitsaðila að gera kröfu um viðbætur við afskriftarreikninga banka sem eru í örum útlánavexti, en skýr tengsl eru milli hraða útlánavaxtar og aukningar vanskíla síðar. Tíminn sem líður milli útlánaaukningar og vanskílaaukningar er þó nokkuð langur og því kunna starfsmenn sem umbunað er fyrir hagnað til skamms tíma að hafa hag af því að viðhalda útlánaaukingu án tillits til afleiðinga sem koma fram síðar. Nauðsynlegt er að eftirlitsaðilar hafi úrræði til að draga úr arðsemi til skamms tíma af áhættusækinni hegðun eins og þeirri að auka hraða útlána óhóflega.

Að öðru leyti gerir Bankasýsla ríkisins ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
Bankasýsla ríkisins


Elín Jónsdóttir, forstjóri